

vildi jeg ráða til að búsgögn væru tekin með í váttrygginguna og að fjelagið fyrst um sinn eigi tæki að sjer tryggingar er næmu hærri upphæð en 10,000 krónum, annaðhvort fyrir bygginguna eingöngu, eða fyrir byggingu og búsgögn til samans, eða fyrir búsgögn eingöngu. Með því að setja slík takmörk gæti fjelagið, þótt eigi væri það með öllu hættulaust, tekið áhættuna á sjálf sig, og mætti þá setja ábyrgð landsjóðs 30,000 til 40,000 kr., og ef fjelaginu farnaðist vel og því safnaðist jafnstór sjóður, gæti það smátt og smátt hækkað upphæð þá, er það tækist á hendur að ábyrgjast.

Útborgun þeirri á bónus, er ræðir um í nefndarálitinu verður, hvernig sem fer, að fresta um lengri tíma, og jeg álit að heppilegast væri, þegar sá tími er kominn, að um útborgun á bónus geti verið að ræða, að hann þá yrði greiddur með því að færa niður iðgjaldið, en það getur eigi orðið fyr en fjelagið hefir eignast varasjóð, sem er fjórum til fimm sinnum stærri en upphæð sú, er hin hæsta trygging nemur.

Það eru mjög litlar líkur fyrir því að Reykjavíkurbær, muni fáanlegur til að tryggja hús sín í innlendum brunabótasjóði, þar sem bærinn í brunabótafjelagi dönsku kaupstaðanna aðeins greiðir 4,500 kr. í iðgjald af ábyrgðarupphæð, er nemur ca. $2\frac{3}{4}$ milljónum króna, og skiptist niður á ca. 500 váttryggjendur, og auk þess eigi þarf að óttast að lagt verði á hann aukaiðgjald. Ef sjálfstæður brunabótasjóður ætti að takast á hendur brunabótaábyrgð í hinum stærri kaupstöðum, mundi það að mínu áliti vera heppilegra fyrir Ísland, ef hægt væri að fá brunabótafjelag kaupstaðanna til þess einnig að takast á hendur váttryggingar á Ísafirði Akureyri og Seyðisfirði, og ef til vill einnig í verzlunarstöðunum, eða ef brunabótafjelag kaupstaðanna ekki væri fáanlegt til þess, að þá væri leitað samkomulags við brunabótafjelag sveitabygginga þeim viðvíkjandi.

Jeg skal hjer í stuttu máli taka fram niðurstöðu þá, er jeg samkvæmt framanrituðu hefi komizt að:

1. Ef sjerstakur brunabótasjóður verður stofnaður fyrir Ísland, ætti hann eigi að taka að sjer váttryggingar er nemi stærri upphæð en 10,000 kr.
2. Sjóðurinn ætti eigi að greiða bónus, en í lagafrumvarpið ætti að setja það ákvæði, að þegar sjóðurinn hefði eignast höfuðstól (varasjóð) sem væri 5 sinnum stærri en hin stærsta váttryggingarupphæð er hann tekur að sjer, gæti komið til mála að færa niður iðgjöldin.
3. Í 22. gr. ætti að einskorða ábyrgð landssjóðs við vissa upphæð, t. d. 200,000 kr., ef eigi er ákveðið neitt víst um stærð upphæða þeirra, er teknar eru í ábyrgð, en við 50,000 kr., ef upphæðin er einskorðuð við 10,000 kr. og búshlutir einnig teknir í ábyrgð. Loks ætti að setja það ákvæði, að ef ábyrgðarupphæð landssjóðs skerðist, eigi að viuna það upp með því, að leggja á aukaiðgjöld, sem jafna má niður á váttryggjendur svo ár-um skiptir meðan þeir tryggja í sjóðnum.

Viðvíkjandi fyrirspurninni um hvort tiltækilegt væri að sjóður þessi, ef hann kæmist á, tæki bæi í ábyrgð, skal jeg að endingu taka fram, að jeg álit að því ætti að fresta þangað til sjóðurinn er kominn vel á fót, en þar sem á hinu bóginn naumast mun vera hægt að gjöra sjer neina hugmynd um hvernig slíkt mundi reynast, mætti máské fyrst um sinn láta sjer nægja að taka prestssetur í ábyrgð, til þess með því að fá reynzlu fyrir, hverskonar bæi taka ætti í ábyrgð.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austuramtinu um sveitfesti og framfærslu þurfalings. — Með brjefi, dagsettu 7. f. m., hafid þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi með fylgiskjölum frá hreppsnefndinni í

77 6. júlí Þverárhreppi í Húnavatnssýslu, þar sem hún áfrýjar til mín úrskurði yðar, dagsettum 23. jan. þ. á., um sveitfesti Guðlaugar nokkurrar Skarphjéðinsdóttur og framfærslustyrk henni veittan.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar, að framan nefndur úrskurður yðar, skal standa óraskaður.

Úrskurður amtsins.

»Eptir að hafa meðtekið brjef yðar, herra sýslumaður, dags. 5. þ. m. viðvíkjandi sveitfestismáli Guðlaugar nokkurrar Skarphjéðinsdóttur, vil jeg eigi draga að leggja úrskurð á mál þetta, þar sem hreppsnefnd Þorkelshólshrepps krefst þess, að hreppsnefnd Þverárhrepps verði skylduð til að greiða af sveitarsjóði styrk veittan áðurnefndri Guðlaugu Skarphjéðinsdóttur vistarárið 1896 til 1897 o. s. frv.

Hreppsnefnd Þorkelshólshrepps skýrir svo frá málavöxtum: Haustið 1895 varð Guðlaug, sem þá var vinnukona í Miðhópi í Þorkelshólshreppi, svo veik á geðsmuninum, að aldrei mátti yfirgefa hana, því að hún sótti eptir að fara einförum, og það jafnvel þótt hún væri í rúminu. Guðlaug þessi var fædd í næstu sveit, Þverárhreppi, og hafði komið beint þaðan í Þorkelshólshrepp og var vistarárið 1895—96 9. dvalarár hennar í hreppnum. Um vorið leitaði húsmóðir Guðlaugar því til hreppsnefndar Þverárhrepps og bað hana að ráðstafa Guðlaugu og talaði um þetta við þáverandi oddvita hreppsins, og var þá með honum annar maður úr hreppsnefndinni. Oddviti sagði henni þá að tilkynna hreppsnefnd Þverárhrepps þetta skriflega og gjörði hún það, en hreppsnefndin svaraði því engu, en í privatbrjefi færðist oddvitinn undan að ráðstafa Guðlaugu. Þá leitaði húsmóðir Guðlaugar til hreppsnefndar Þorkelshólshrepps, og krafðist að hún ráðstafaði Guðlaugu og fjekk oddvitinn brjef húsmóðurinnar sama dag sem sýslumaðurinn hjelt manntalsþingið í hreppnum. Oddviti Þverárhrepps var þá staddur þar og talaði sýslumaður þá um við hann að ráðstafa Guðlaugu, en hann neitaði þessu, og því lagði sýslumaður fyrir hreppsnefnd Þorkelshólshrepps að ráðstafa henni.

Oddviti Þorkelshólshrepps kveðst svo hafa gert ýmsar tilraunir til að koma Guðlaugu fyrir, en það hafi gengið erfitt, því að menn vildu eigi hafa geðveikan kvennmann hjá sjer, en um þessar mundir hafi Jóhann bróðir Guðlaugar komið henni fyrir í næstu sýslu og studdi þá oddvitinn að því og gekk í ábyrgð fyrir meðgjöf með Guðlaugu, en tilkynning um það, að Guðlaugu væri ráðinn fullnaðarverustaður, kom eigi til oddvita fyr en seint um sumarið. Með brjefi dags. 5. nóvbr. 1896 tilkynnti oddviti Þorkelshólshrepps hreppsnefndinni í Þverárhreppi þá ráðstöfun á Guðlaugu, að hann hefði ráðið hana til ársveru með meðlagi 1 kr. á dag, og skoraði á hana að gefa ábyrgð fyrir meðgjöfinni, en hreppsnefnd Þverárhrepps vanrækti að svara þessu brjefi í marga mánuði. Með brjefi dags. 14. marz 1897 tilkynnti oddviti Þorkelshólshrepps, að hann hefði orðið að greiða af sveitarsjóði hreppsins 100 kr. upp í meðgjöf með Guðlaugu, og skoraði á hreppsnefnd Þverárhrepps að endurborga þessa upphæð. En þar sem hreppsnefnd Þverárhrepps enu vanrækti að svara, þá leitaði oddviti Þorkelshólshrepps aðstoðar sýslumanns í málinu, og krafðist þess, að hreppsnefnd Þverárhrepps yrði skylduð til, að greiða hinar útlögðu 100 krónur, og það, sem síðar yrði að borga með Guðlaugu. Síðar meir kemur fram í málinu reikningur yfir dvalarkostnað Guðlaugar um 455 daga að upphæð 455 krónur.

Hreppsnefndin í Þverárhreppi hefur þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir eigi fengist til þess að gefa yfirlýsingar sínar um það, hvort hún viðurkenndi að Guðlaug hefði verið sveitlæg í Þverárhreppi vorið 1896, eða að Guðlaug hefði verið geðveik, og ber fyrir sig í síðasta brjefi sínu, dags. 2. þ. m. að sjer sje ókunnugt um þetta. Þar sem hún sjálf ber

þetta fram, þá verður að taka þetta trúanlegt, en afleiðingin verður að vera sú, að hún getur eigi mótmælt þeim staðhæfingum, sem liggja fyrir í málinu um þessi atriði. Það verður því að taka framburð oddvitans í Þorkelshólshreppi til greina sem ómótmæltan, enda styðst hann við önnur skjöl í málinu og þar á meðal brjef þáverandi sýslumauns í Húnavatnssýslu, dags. 8. júní 1897, og hin fyrri brjef hreppsnefndar Þverárhrepps, þar sem henni virðist vera fullkunnugt bæði um sveitfesti og geðveiki Guðlaugar þessarar.

Samkvæmt ómótmæltum upplýsingum frá oddvita Þorkelshólshrepps er Guðlaug fædd í Þverárhreppi og var þar þangað til vorið 1887, er hún fór vistferlum í Þorkelshólshrepp, þar sem hún dvaldi samfleytt í 9 ár til vors 1896; þetta vor fluttist hún úr hreppnum og því er auðsætt, að hún hefir eigi unnið sjer sveit í Þorkelshólshreppi, og þar sem ekki getur komið til mála, að hún hafi unnið sjer sveit annarstaðar, verður að álíta að hún eigi sveitfesti í fæðingarhreppi sínum Þverárhreppi.

Þar sem hreppsnefnd Þverárhrepps heldur eigi hefir getað mótmælt staðhæfingum oddvitans í Þorkelshólshreppi um geðveiki Guðlaugar, þá verður að taka þær til greina, enda styðjast þær við allt annað, sem kemur fram í málinu, og þar á meðal það, að hreppsnefnd Þverárhrepps óskaði þess sjálf, að Guðlaugu væri settur fjárhaldsmaður sumarið 1896, sem eigi gat byggst á öðru, en að hreppsnefndinni hafi þá verið fullkunnugt um geðveiki Guðlaugar. Það verður því að teljast bein skylda hreppsnefndarinnar í Þorkelshólshreppi að hlýða skipun sýslumannsins um að taka Guðlaugu til umönnunar sem þurfalíng, og þar sem hreppsnefnd Þverárhrepps hefir borið fyrir, að Guðlaug hafi eigi beðið um styrkinn, þá er slíkt fjarstæða um geðveikan mann.

Að því er snertir kröfu Þorkelshólshrepps um endurgjald frá Þverárhreppi, þá liggur fyrir bein krafa um endurgjald á 100 kr. í brjefi oddvitans, dags. 8. apríl 1897, og er þar einnig krafist að fá það, sem stendur eptir af ársmeðgjöfinni, en þá lá enginn reikningur fyrir um ársmeðgjöfina. Síðar kemur fram reikningur um meðlag með Guðlaugu í 455 daga að upphæð 455 kr. Þessarar upphæðar er eigi beint krafist af Þorkelshólshreppi, en það er þó auðsjáanlega meiningin í brjefi oddvitans, dags. 20. des. 1897, og með tilliti til þess, að hreppsnefnd Þverárhrepps hefir bæði gefist kostur á að segja álit sitt um upphæð reikningsins, og líka látið þetta álit sitt uppi, þá þykir eigi ástæða til þess að vísa kröfunni frá að neinu leyti.

Hreppsnefnd Þverárhrepps ber það fyrir að hún hafi eigi fengið tilkynning um að hreppsnefnd Þorkelshólshrepps hefði tekið Guðlaugu til umönnunar, en fyrst og fremst virðist hreppsnefnd Þorkelshólshrepps hafa eftir atvikum tilkynnt þetta nægilega snemma, og í annan stað verður að álíta það sem fullnægjandi tilkynning, þar sem sýslumaður eftir að hafa skorað á oddvita Þverárhrepps, að taka Guðlaugu til umönnunar, og eptir að oddvitinu hafði neitað því að hlýðnast, í viðurvist hans lagði fyrir oddvita Þorkelshólshrepps að sjá um Guðlaugu, og auk þess hlaut hreppsnefnd Þverárhrepps, sem með auðsjáanlegri athygli hefir fylgt ráðstöfunum á Guðlaugu í öllu, að vera fullkunnugt um alla meðferð á henni.

Meðlagið með Guðlaugu, sem er 1 kr. á dag, er alls eigi ósanngjarnt, þegar tekið er tillit til geðveiki hennar. En það sem er eigi rjett hjá hreppsnefnd Þorkelshólshrepps, er að hún hefir eigi hirt um að koma eignum þurfalingsins í peninga og verja þeim til meðlags með honum, en hins vegar má færa það til afsökunar að hún mátti eptir atvikum ætla, að ráðstafanir hennar væru að eins til bráðabyrgða og að hreppsnefnd Þverárhrepps, sem var á næstu grösum, mundi þá og þegar taka þurfalínginn til umönnunar, enda gat það verið, að hreppsnefnd Þverárhrepps hefði heldur viljað annast um þetta. Það hefir verið lagt fyrir hreppsnefnd Þverárhrepps, hvort hún vildi að hreppsnefnd Þorkelshólshrepps kæmi eignum Guðlaugar í peninga og borgaði þá upp í meðlag Guðlaugar, en hún hefir enga kröfu gjört

77 til slíks, þykir því eigi ástæða til að skylda hreppsnefnd Þorkelshólshrepps til slíks, heldur verði framfærsluhreppurinn að gjöra það, eptir því sem honum þykir við eiga.

Oddviti Þorkelshólshrepps hefir gefið skýrslu um eigur Guðlaugar, eptir því sem hann hefir getað fengið upplýsingar um, og eptir að hreppsnefnd Þverárhrepps hefir haft tækifæri til að láta uppi álit sitt um þetta atriði, verður eigi álitíð að neitt af eignum Guðlaugar hafi misfarist frá því að hún var tekin til umönnunar af Þorkelshólshreppi, og í annan stað hafa með því fengist fullnægjandi upplýsingar um það, að eigurnar voru svo litlar að þær hefðu lítið hrokkið til framfæris Guðlaugu í veikindum hennar, eins og sýslumaður á sínum tíma aflaði sjer upplýsinga um, er hann lagði fyrir hreppsnefnd Þorkelshólshrepps að sjá um Guðlaugu.

Af meðlaginu 455 kr. hafa verið greiddar 30 kr. af eignum Guðlaugar og 5 kr. af bræðrum hennar, og stendur þá eptir 420 kr.

Samkvæmt framanrituðu er hreppsnefnd Þverárhrepps hjermeð gjört að skyldu að borga þessar eptirstöðvar að upphæð 420 kr. sem meðlag með Guðlaugu Skarphjéðinsdóttur til sveitarsjóðs Þorkelshólshrepps.

Það er vítavert í máli þessu, að hreppsnefnd Þverárhrepps dró að svara brjefi oddvitans í Þorkelshólshreppi, dags. 5. nóvbr. 1896, um nærri 5 mánuði, án þess að hún hafi í nokkru rjettlætt þennan drátt, og ennfremur er það vítavert af hreppsnefnd Þverárhrepps, að hún hefir eigi látið í tje upplýsingar í þessu máli, sem heimtaðar hafa verið af henni og sem henni annaðhvort hefir verið fullkunnugt um, eða að minnsta kosti mjög auðvelt að afla sjer.

78

Almenn reglugjörð

um fjallskil fyrir Vestur-Skaptafellssýslu.

Amtsráðið í Suðuramtinu

gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, og lögum 24. nóvbr. 1893, um breyting á fyrnefndum lögum, 22. marz 1890, er hjermeð staðfest og löggilt eptirfylgjandi

Almenn reglugjörð

um fjallskil fyrir Vestur-Skaptafellssýslu,

sem samin er af sýslunefndinni í tjeðri sýslu, og skal reglugjörðin öðlast gildi 1. septbr. 1899.

I. Um upprekstur og notkun afrjettar.

1. gr.

Allur geldur sauðfjenadur, trippi og stóðhross skal á afrjett komið þegar 8 vikur eru af sumri, nema ótíð eða gróðurleysi banni, en lömb og dilkær viku eptir fráfarur, enda sje þá venjulegum grenjaleitum lokið. Reka skal í afrjett miðja, nema afrjettareigandi eða hreppsnefnd hafi öðruvísi mælt fyrir. Heimalönd þau er heimild er fyrir að nota til upprekstra, skal í þeim efnun, er að fjallskilum lúta sköða sem afrjetti, enda sjeu þau notuð á þann hátt af fleirum en landeigendum sjálfum. Um eignartakmörk afrjetta og heimalanda fer að öðru leyti eptir því, er lög ákveða.